


2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



Rekstur USK (mkr)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	2.847	2.545	302	11,9%
Laun og launat. gj.	1.155	1.214	-58	-4,8%
Annar rekstark.	3.057	2.351	706	30,0%
Rekstrarniðurstaða	1.365	1.020	345	33,9%

yfir fjárheimildum eða um 30,0%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var 412 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 244 mkr og hreinsunar borgarlandsins 92 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. **Viðhald fasteigna** var 261 mkr yfir fjárheimildum og **ferlimál fatlaðra** voru 35 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Færanlegar kennslustofur** voru 46 mkr yfir fjárheimildum og **útseld þjónusta** var 50 mkr yfir áætlun tímabilsins.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á fyrstu 8 mánuðum ársins í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.365 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.020 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 345 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir eða um 33,9%.

Tekjur voru 2.847 mkr eða 302 mkr yfir áætlun sem jafngildir 11,9%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** voru 412 mkr yfir áætlun, þar af voru 403 mkr (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) einkum vegna vetrarþjónustu og hreinsunar borgarlandsins. Tekjur af **viðhaldi gatna og opinna svæða** voru 98 mkr undir áætlun, þar af voru 93 mkr (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði). Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 19 mkr hærri en áætlað var á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld voru 1.155 mkr sem var 58 mkr undir fjárheimildum eða um 4,8%. **Skrifstofa Framkvæmda og viðhalds** var 21 mkr undir fjárheimildum, **þjónustmiðstöð Stórhöfða** var 15 mkr undir fjárheimildu og **hverfastöð Jafnasel** var 11 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Garðyrkja Miklatúni** var 12 mkr yfir áætlun tímabilsins.

Annar rekstrarkostnaður var 3.057 mkr og reyndist 706 mkr

1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USKRK (mkr)	Raun 2018	Áætlun 2018	Frávik	%
Tekjur	2.550	2.253	297	13,2%
Laun og launat. gj.	1.670	1.710	-40	-2,3%
Annar rekstark.	5.466	5.464	2	0,0%
Rekstrarniðurstaða	4.586	4.922	-335	-6,8%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á fyrstu 8 mánuðum ársins 2018 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 4.586 mkr eða 355 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 6,8%.

Tekjur voru 2.550 mkr sem var 297 mkr yfir áætlun eða um 13,2%. Tekjur **bílastæðasjóðs** voru 146 mkr yfir áætlun, **byggingarfulltrúi** var 84 mkr yfir áætlun og **skipulagsfulltrúi** var 53 mkr yfir áætlun tímabilsins. **Heilbrigðiseftirlitið** var 17 mkr yfir áætlun tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld námu 1.670 mkr sem var 40 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 2,3%. Launakostnaður **bílastæðasjóðs** var 55 mkr undir fjárheimildum. Launakostnaður **Sorphirðunnar** var 16 mkr yfir fjárheimildum og **skrifstofa samgangna** var 19 mkr yfir fjárheimildum á tímabilinu.

Annar rekstarkostnaður nam 5.466 mkr sem var 2 mkr yfir fjárheimildum eða um 0,0%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 403 mkr yfir fjárheimildum, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 244 mkr og hreinsun borgarlandsins 93 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. **Leiga gatnakerfis** var 153 mkr undir fjárheimildum. **Viðhald gatna** var 93 mkr undir áætlun tímabilsins. **Bílastæðasjóður** var 74 mkr undir fjárheimildum og **byggingarfulltrúi** var 14 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Landupplýsingar** voru 11 mkr undir fjárheimildum og **sorphirðan** var 10 mkr undir fjárheimildum tímabilsins.